



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2018

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um tryggingu gæða, hagkvæmni og skilvirkni opinberra fjárfestinga. (14.mál)**

Viðskiptaráð fagnar því að horft sé til leiða til að tryggja gæði auk hagkvæmni og skilvirkni í nýtingu opinberra fjármuna. Gæði eru ekki tryggð án hagkvæmni og skilvirkni og í öllum fjárfestingum þarf ætíð að huga að því að nýta takmarkaða fjármuni sem best. Vill ráðið nýta tækifærið til að hvetja stjórnvöld til þess að horfa til fjölbreyttari leiða til að hámarkunar á skilvirkni innviðaframkvæmda á komandi árum.

**Tækifæri til umbóta til staðar**

Hér á landi eru víða tækifæri til þess að auka skilvirkni opinberra framkvæmda.<sup>1</sup> Í nýlegri rannsókn<sup>2</sup> koma fram vísendingar um að á árunum 1990–2010 hafi 90% opinberra framkvæmda farið fram úr áætlunum og nam meðal framúrkeyrsla í tengslum við kostnað að meðaltali 63% (mynd 1).

---


<sup>1</sup> Setja inn link á skoðun.

<sup>2</sup> Rannsókn Dr. Þórðar Víkings Friðgeirssonar hjá Háskólanum í Reykjavík:  
[https://issuu.com/vfi1912/docs/verktaekni\\_01\\_2015\\_vefur](https://issuu.com/vfi1912/docs/verktaekni_01_2015_vefur) (bls. 33)

## Mynd 1

Opinberar framkvæmdir fóru að meðaltali farið 63% fram úr kostnaðaráætlun á árunum 1992 – 2010 en alls fóru 90% verkefna fram úr áætlun

### Kostnaður opinberra framkvæmda miðað við kostnaðaráætlun



Í því samhengi bendir Viðskiptaráð á að ásamt því að leitast við að hámarka skilvirkni opinberra framkvæmda eigi að horfa til fjölbreyttara fjármögnunarforms framkvæmda þar sem einkaaðilar leggja til stofnfjármagn fjárfestinga, svokölluð samvinnuleið einkaaðila og hins opinbera. (e. Public-private partnership, PPP). Kostir aðkomu einkaaðila að uppbyggingu innviða einskorðast ekki við fjármögnun verkefna heldur hafa dæmin sýnt fram á margvíslegan ábata af slíkum verkefnum. Skipta má ábatanum í fernt: meiri áhættudreifing, aukin skilvirkni, aukið svigrúm ríkisins til að sinna grunnþjónustu og stöðugra viðhald.

### 1) Meiri áhættudreifing

Öll áhætta sem skapast af framkvæmdinni eða rekstri eignarinnar fellur á einkaaðila. Ekki má gera lítið úr áhættu hins opinbera af hefðbundinni innviðauppbyggingu. Í því samhengi má horfa til Orkuveituhússins, Landeyjahafnar, Hörpu og fleiri verkefna sem hafa reynst mun dýrari í framkvæmd eða rekstri en lagt var upp með. Í þessu samhengi skiptir miklu máli að traustur framkvæmdar- og rekstraraðili sé fenginn að borðinu.

### 2) Aukin skilvirkni

Einkaaðilinn hefur beinan hag af því að framkvæmd gangi snurðulaust fyrir sig og hefur því mikinn hvata til þess að klára verkefnið á tilsettum tíma. Þó að á bak við slíka fjárfestingu sitji þolinmótt fjármagn þá er mikill þrýstingur á þá sem ábyrgð bera á verkefninu að halda uppi arðsemisstiginu sem skilar sér í auknu tíma- og kostnaðaraðhaldi. Slíkur þrýstingur er oftast en ekki minni þegar hið opinbera er framkvæmdaaðili, meðal annars vegna umboðsvanda hjá hinu opinbera. Afleiðingin er sú að einkaframkvæmdir fara að jafnaði sjaldnar og mun minna fram úr kostnaðaráætlun heldur en opinberar framkvæmdir.

Samkvæmt rannsókn<sup>3</sup> Ríkisendurskoðunar Bretlands voru samvinnuverkefni afhent á eða á undan áætlun í **65%** tilfella samanborið við **54%** opinberra verkefna. Þá voru rétt tæplega **70%** verkefna

<sup>3</sup> [https://www.nao.org.uk/wp-content/uploads/2009/10/2009\\_performance\\_pfi\\_construction.pdf](https://www.nao.org.uk/wp-content/uploads/2009/10/2009_performance_pfi_construction.pdf)

afhent á kostnaðaráætlun en **63%** hjá hinu opinbera. Í ástralskri rannsókn<sup>4</sup> þar sem 54 samvinnuverkefni voru skoðuð fór aðeins eitt fram úr kostnaðaráætlun en samvinnuverkefni voru að meðaltali tilbúin 3% á undan áætlun en opinber verkefni fóru að meðaltali 24% fram úr áætlunum.

Þá kom fram í bandarískri rannsókn á vegaframkvæmdum einkaaðila þarlendis að einkaframkvæmdir hafi farið að meðaltali 0,8% fram úr kostnaði og auk þess afhent að meðaltali á réttum tíma samanborið við 12,7% framúrkeyrslu á kostnaði og 4,3% á tíma hjá hinu opinbera.<sup>5</sup>

### **3) Aukið svigrúm ríkisins til að sinna grunnþjónustu**

Í samvinnuverkefni (PPP) stendur hið opinbera ekki frammi fyrir miklum stofnkostnaði heldur dreifast útgjöld þess yfir lengra tímabil. Fjármagn sem annars hefði verið fast er þar af leiðandi hægt að nýta í nauðsynlega grunnþjónustu á vegum hins opinbera.

### **4) Tryggir stöðugt viðhald á eignum**

Að lokum má benda á að undir flestum kringumstæðum sér þjónustuaðili um allt viðhald á samningstímanum samkvæmt samningi þegar um samvinnuverkefni ræðir. Viðhald á innviðum er því tryggara en ella og víkur ekki þegar hallar undan fæti hjá hinu opinbera líkt og gerðist á árunum eftir hrun.

### **Markmiðið göfugt**

Líkt og áður segir fagnar Viðskiptaráð þeirri viðleitni að reyna að hámarka hagkvæmni og skilvirkni komandi fjárfestinga í innviðum landsins. Í því samhengi er ráðið sammála því að fylgt verði eftir þeirri vinnu sem hrundið var af stað árið 2016 með útgáfu skýrslunnar *Verkefnastjórnsýsla: Markviss notkun fjármuna til samgönguframkvæmda*.

Viðskiptaráð tekur undir markmið þingsályktunartillögunnar en hvetur stjórnvöld til þess að horfa til fjölbreyttari leiða þegar kemur að því að byggja upp þá innviði sem nauðsynlegir eru á komandi árum.

Virðingarfyllt,



---

Ásta S. Fjeldsted  
Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs

---

<sup>4</sup> [http://www.irfnet.ch/files-upload/knowledges/IPA\\_Performance%20of%20PPPs\\_2007.pdf](http://www.irfnet.ch/files-upload/knowledges/IPA_Performance%20of%20PPPs_2007.pdf)

<sup>5</sup> [http://www.pwfinance.net/document/research\\_reports/3%20TRB%20P3%20study.pdf](http://www.pwfinance.net/document/research_reports/3%20TRB%20P3%20study.pdf)